

3. Bakkaflugvöllur.

Hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps samþykkti ofangreint skipulag á fundi sínum þann 6. maí 2002.

Skipulagssvæðið er 50 ha og afmarkast af umhverfi Bakkaflugvallar og nær yfir N-S og A-V flugbraut, flughlað og ýmsar byggingar tengdar flugstarfsemi. Fyrir eru vélageymsla og tvær bílageymslur sem standa áfram en reisa á nýja flugstöð ásamt flugturni. Einnig er gert ráð fyrir flugskýlum, bílageymslum, eldsneytistönkum og möstrum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið deiliskipulagið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Gunnarshólma, 28. maí 2002.

F.h. Austur-Landeyjahrepps,

Árni Erlendsson, oddviti Austur Landeyjahrepps.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993 - 2013, Breiðamýri og norðanvert Sviðholt.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 30. maí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013 frá 28. ágúst 1993.

Breytingin varðar eftirtalin atriði á svæðinu við Breiðumýri og norðanvert Sviðholt.

- Opið svæði til sérstakra nota norðan Breiðumýrar stækkar til suðurs.
- Svæði fyrir stofnanir breytist að lögun, minnkar til norðurs en stækkar til suðurs.
- Svæði fyrir blandaða íbúðarbyggð, verslun og þjónustu breytist og verður svæði fyrir stofnanir, íbúðarbyggð og opin svæði til sérstakra nota. Einnig verður breyting á legu gönguleiða.
- Svæði fyrir verslun og þjónustu verður austan Breiðumýrar.
- Lögun íbúðarsvæðis og aðkoma að því við Sviðholt breytist, jafnframt er þar gert ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota.
- Svæðið næst Sviðholti verður þjóðminjasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Bessastaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 30. maí 2002.

F. h. r.

Halldór Þorgeirsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.